

Árið 1977, föstudaginn 18. nóvember, var Kjaradómur settur að Rauðarárstíg 31 í Reykjavík og haldinn af Benedikt Blöndal, Jóni Finnssyni, Jóni Sigurðssyni, Jóni Rögnvaldssyni og Jóni G. Tómassyni.

Fyrir var tekið:

- I. Að taka ákvörðun um laun forseta Íslands.

Frá 1. júlí 1977 skulu laun forseta Íslands vera 631.972 kr. á mánuði. Frá 1. nóvember 1977 verða þau 692.290 á mánuði.

Um verðbætur á laun þessi og áfangahækkanir á árunum 1978 og 1979 fer samkvæmt dómi Kjaradóms 18. nóvember 1977 í málinu nr. 3/1977.

- II. Að taka ákvörðun um laun dómara í Hæstarétti Íslands.

Frá 1. júlí 1977 skulu laun forseta Hæstaréttar vera 488.219 kr. á mánuði. Frá 1. nóvember 1977 verða þau 534.816 kr. á mánuði. Laun annarra hæstaréttardómara skulu vera 452.959 kr. á mánuði frá 1. júlí 1977 og hækka í 496.190 kr. á mánuði frá 1. nóvember 1977.

Um verðbætur á laun þessi og áfangahækkanir á árunum 1978 og 1979 fer samkvæmt dómi Kjaradóms 18. nóvember 1977 í málinu nr. 3/1977.

- III. Að taka ákvörðun um laun ríkisstjórnar Íslands.

Frá 1. júlí 1977 skulu laun forsætisráðherra vera 347.178 kr. á mánuði. Frá 1. nóvember 1977 verða þau 380.314 kr. á mánuði. Laun annarra ráðherra skulu vera 314.630 kr. á mánuði frá 1. júlí 1977 og hækka í 344.659 kr. á mánuði frá 1. nóvember 1977.

Um verðbætur á laun þessi og áfangahækkanir á árunum 1978 og 1979 fer samkvæmt dómi Kjaradóms 18. nóvember 1977 í málinu nr. 3/1977.

IV. Að taka ákvörðun um laun  
ríkissaksóknara.

Frá 1. júlí 1977 skulu laun ríkissaksóknara vera 452.959  
kr. á mánuði. Laun þessi verða 496.190 kr. á mánuði frá 1.  
nóvember 1977.

Um verðbætur á laun þessi og áfangahækkanir á árunum 1978  
og 1979 fer samkvæmt dómi Kjaradóms 18. nóvember 1977 í málínu  
nr. 3/1977.

Fleira var ekki tekið fyrir.

Kjaradómi slitið.

Benedikt Blöndal  
(Sign.)

Jón Rögnvaldsson  
(Sign.)

Jón Sigurðsson  
(Sign.)

Jón Finnsson  
(Sign.)

Jón G. Tómasson  
(Sign.)

Staðfest endurrit

